

Mál nr. 7/2013

Ár 2014, þriðjudaginn 14. janúar 2014 var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 7/2013

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

#### I Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 8. apríl 2013 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (Y) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para tíkina Z við rakkann Y þar sem hvorugt undaneldishundanna var með gilt augnvottorð við pörun. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 10. maí 2013 og henni gefinn andmælafrestur til 7. júní. Kærða nýtti sér ekki andmælafrest sinn og var henni send ítrekun með bréfi dagsettu 7. nóvember þar sem hún fékk viðbótarfrest til 14. nóvember sem kærða sinnti og móttók siðanefnd bréf frá kærðu á fundi sínum 25. nóvember. Var það sent kæranda til umsagnar, sem svaraði ekki efnislega en óskaði eftir því við siðanefnd að haldið yrði áfram með málið. Þar eð siðanefnd taldi að ekki myndu koma fram frekari gögn um málið þá ákvað hún að taka málið til úrskurðar.

#### II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði var tíkin Z pörud við rakkann Y hinn 4. september 2007. Hundarnir eru af kyninu Íslenskur fjárhundur og er rakkinn í eigu kærðu. Við pörunina var rakkinn ekki með gilt augnvottorð. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærða hefur beðist afsökunar á því hvernig staðið var að pöruninni, hún kveðst ekki hafa vitað að það þyrfti slíkar læknisskoðanir, heldur einungis það að hundarnir væru skráðir.

#### III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið Íslenskur fjárhundur:

„Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun. (Gildir frá 01.07.1999). Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun til þriggja ára aldurs undaneldishunda. Eftir þriggja ára aldur má augnvottorð ekki vera eldra en 26 mánaða við pörun. (gildir frá 01.06.2007). Greinist hundur með staðfesta arfgenga starblindu (katarakt) mun hann verða skráður í ræktunarbann (sbr. beiðni frá DÍF 30.09.2004). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01.09.2012).“

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörun fór fram hinn 4. september 2007 var rakkinn ekki með gilt augnvottorð en samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af kyninu Íslenskur fjárhundur skal augnskoðun hafa farið fram og má vottorðið ekki vera eldra en 12 mánaða hjá undaneldishundum til þriggja ára aldurs. Augnvottorð er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins til þess að tryggt sé að hundurinn beri ekki með sér arfgengan augnsjúkdóm. Hefur kærða því gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Það liggur fyrir að rakkinn var augnskoðaður eftir að pörun hafði farið fram og stóðst hann þá skoðun. Siðanefnd telur það þó ekki breyta brotinu að undaneldisdýr séu heilbrigðisskoðuð eftir á þó svo að þau standist skoðun. Reglurnar eru settar með það að markmiði að halda uppi heilbrigði tegundarinnar. En kærða hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglur félagsins og telur siðanefnd því hæfilega refsingu nú vera áminningu.

#### IV Niðurstaða

Kærða Y telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt

f.h. siðanefndar

---

Guðríður Valgeirsdóttir

---

Hilmar Sigurgíslason

---

Kristín Sveinbjarnardóttir